



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **ágúst**. Efni þarf að berast í síðasta lagi **3. ágúst 2021**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:
Mánudaga Kl. 19-20
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18



Bókasafnið býður gestum uppá afnot af tölvu, 30 mínútur á 150 kr.

Nú hefur safnið hafið útlán á þúsluspilum – gjörði svo vel.

Mínum nemendur á að á bókasafninu má finna fjölbreytt efni fyrir sumarlesturinn.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúgunu – verið hjartanlega velkomin ☺

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>
Bókasafnið er líka á  facebook.



Sundlaugin á Flúðum.

Sumaropnun:

Frá 4. júní-2. júlí:

Mánudaga til föstudaga: 13:00-20:30

Laugardaga og sunudaga: 13:00-18:00

Frá 3. júlí –2. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 10:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 10:00-18:00

Frá 3. ágúst –15. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 13:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Júní 2021
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

31 árgangur.
361 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórastill

Júní mánuður er genginn í garð og eftir afar þurran og kaldan maímánuð eru veðurguðirnir búnir að rykbinda jörðina dálítið fyrir okkur og næturfrost heyrir vonandi þáliðinni tíð. Þó það sé komin grænn litur á umhverfið er hætt við að ræktendur þurfi aðeins að bíða eftir uppskerunni þetta árið. Verðurfarið hefur hins vegar reynt á veiturnar hjá okkur og þá sérstaklega á þolrifin í kalda vatninu. Það fer því vel á því að sveitarfélagið hefur samþykkt að skoða með grönnum okkar með mögulega Uppsveitaveitu þar sem vatn yrði tekið úr Fljótsbotnum. Það er mjög mikilvægt að hugsa mjög langt fram í tímann í þessum veitumálum og þá helst til 50-100 ára þess vegna.

Annars er mikið um að vera og miklar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og annarra. Búið er að opna tilboð í verkið Kópsvatn-Garðastígur og ákveðið að ganga til samninga við Gröfútækni sem lægstbjóðanda. Einnig er komin niðurstaða í útboð vegna vatnstanks í Berghylsfjalli og þar hefur verið ákveðið að semja við Selásbyggingar ehf sem bauð lægst í verkið. Það er dálítið merkilegt því að eru 20 ár síðan sama fyrirtæki byggð vatnstankinn upp á Landholtsfjalli og var þá fyrsta verk Hákonar Gunnlaugssonar frá Laugarási. Þá hefur Vegagerðin opnað útboð í Hrunavegin og vonandi kemst það verk af stað sem fyrst því sumarið er jú fljótt að hlaupa frá okkur.

Það hefur verið verulegur áhugi á lóðum í Gröf/Laxárhlið og nú er verið að vinna í því að úthluta þeim og það þarf að draga um einhverjar lóðir ef allir standa við sínar umsóknir. Þá hefur einnig verið áhugi á öðrum lausum lóðum sem verið er að vinna úr sem er jákvætt. Það er svo sem ágætt að fá á móti strax tekjur til að veða á móti kostnaðarsömum gatnaframkvæmdum því allar þessar framkvæmdir taka hressilega í sveitarsjóðinn.

Sveitarstjórn hefur einmitt samþykkt fyrsta viðauka við fjárhagsáætlun 2021 til að bregðast við auknum útgjöldum og breytingum á fjárfestingu. Eitthvað tutlast í auknar tekjur á móti þannig að kapallinn gangi upp en ég hef reyndar áhyggjur af að launapakinn reynist þungur gagnvart fjárhagsáætluninni en ljóst er að síðustu kjarasamningar og útfærsla þeirra tekur verulega í.

Það eru ýmsar áskoranir í starfsmannamálum fyrir næsta haust en það þarf að huga að mannaráðingum í leikskólanum vegna mannbreytinga. Það er mikilvægt að sveitarfélagið, starfsmenn og foreldrar nái góðum takti varðandi ýmislegt sem varðar þessa góðu stofnun okkar en af ýmsum ástæðum hafa verið nokkrar áskoranir að takast á við.

Þá hafa sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahreppur ákveðið að ráða sameiginlegan íþrótt- og tómtunda-fulltúra og verkefnisstjóra Heilsueflandi samfélags og er það mjög spennandi verkefni. Þá þarf einnig að ráða í starf forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Zero en hugmyndin er að sameiginlegur starfsmaður sveitarfélaganna geti verið stuðningur við félagsmiðstöðina.

Annars virðist atvinnuástandið almennt horfa til betri vegar og almennt sýnist mér ferðaþjónustan vera að taka vel við sér og starfsfólk aftur mætt til starfa. Sveitarfélagið fékk úthlutað tveimur sumarstörfum fyrir námsmenn sem verkefni á vegum Vinnumálastofnunar en ekki hafa enn komið viðbrögð við. Þá eru nokkrar umsóknir í vinnuskólann en almennt miðað við viðbrögðin við báðum þessum úrræðum þá virðist atvinnuástand þessa hóps vera sem betur fer þokkalegt.

Umhverfismálin eru alltaf að verða meira mál málanna og það var gott að geta haldið rusladaginn eða umhverfisdaginn hátíðlegan þann 14. maí s.l. Ég vil þakka Gunnlaugi Emilissyni ruslamálaráðherra fyrir góð störf í þágu dagsins, skólunum fyrir þátttökuna og þeim sem tóku til hendinni í seinni hluta dagsins. Þátttakann mætti samt vera meiri og hvet ég fólk til að grípa hvert tækifæri til að hirða upp úrgang þar sem það sér hann og koma á viðeigandi staði.

Samþykkt hefur verið að hafa umhverfisátak 9.-16. júní n.k. en þá á gámasvæðið á Flúðum að vera opið alla daga milli 10:00-18:00 og hvet ég alla til nýta sér það. Þá má minnast á að búið er að bjóða út á evrópska efnahagssvæðinu sorphirðu fyrir sveitarfélagið, samhliða öðrum sveitarfélögum í Uppsveitum, og gert er ráð fyrir í því að tekin verði upp fjöggra tunnuklokkun.

Það er alltaf gaman að nýjar hugmyndir verði til og framkvæmdar en Miðfells-hlaupið sem fór fram 29. maí s.l. er slíkur atburður og ekki er verra að styrkja gott málefni í leiðinni sem er Ljósið í því tilfelli. Vil ég hrósa Kolbrúnu og Arnfríði fyrir gott framtak og framkvæmd. Þá lék ÍBU fyrsta heimaleik sumarins í 4. deild á vellinum á Flúðum sem heitir því virðulega nafni Mist-völlurinn. Vonandi verður góð mæting á völinn í sumar og stemming í brekkunni. Það líður síðan að 17. júní og þeirri dagskrá sem hefur verið skipulögð í kringum hann og hvet ég fólk til að fagna þjóðhátíðardeginum sem vonandi verður haldinn í góðu veðri í Lækjargarðinum.

Þar sem Flúðaskóli er komin í sumarfrí og hefur útskrifað enn einn 10 bekkinn þá vil ég minnast á að Bjössu skólabilstjóri frá Hvítárdal hefur líka útskrifað sjálfan sig sem skólabilstjóri. Hann hefur sinnt þeirri þjónustu í heil 48 ár og á sumum bæjum hefur hann keyrt þrjár kynslóðir í skólann. Ég vil þakka Bjössa fyrir farsæla þjónustu því skólabílar eru líka uppeldisstofnanir.

Pésinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður enginn júlípistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótum þess.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri



Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zero

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur leita að forstöðumanni félagsmiðstöðvar Zero. Um er að ræða 60% starf með starfstöð á Flúðum.

Starfssvið

- Ber ábyrgð á, skipuleggur og mótar dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.
 - Hefur umsjón með félagsmiðstöðinni á opnunartíma.
 - Ber ábyrgð á og fer í ferðir/viðburði á vegum félagsmiðstöðvarinnar.
- Aðstoðar ungmennaráð sveitarfélaganna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Æskilegt að hafa lokið námi í tólmstunda eða uppeldisfræði eða tengdum greinum.
 - Hafi reynslu af vinnu með unglíngum.
 - Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga en vinnutími og starfskjör eru sveigjanleg.

Umsóknarfrestur er til 18. júní n.k. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 15. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480-6600 eða á netfangið jon@fludir.is.

LYFJA SELFOSI
ÚTIBÚ LAUGARÁSI
BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun



Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16

Tím pantanir í s: 8676580



Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa frá 10. ágúst 2021

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda tæplega 50 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

Ef ekki berast umsóknir frá leikskólakennurum sem uppfylla hæfniskröfur er heimilt að ráða leiðbeinendur í stöðurnar.

Hæfni

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólastjóra.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 480-6620.

Flokkunarhornið.

**Hreinsunarátak í Hrunamannahreppi 9.-16. júní.
Gámasvæðið opið frá kl: 10-18**



LANDSTÓLPI 20
ára
-2000-2020-

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímapantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.


Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



**Dagskrá 17. júní 2021
verður auglýst á fésbókarsíðu
Hrunamannahrepps.**



**Hreinsunarátak í Hrunamannahreppi
9. til 16. júní.**

Vikuna 9. til 16. júní viljum við hvetja alla eigendur fasteigna í sveitarfélaginu til að nota tækifærið og hreinsa til í kringum sínar eignir.

Þá vikuna munum við hafa gámasvæðið opið alla daga frá kl 10:00 – 18:00.

Munum að flokka samkvæmt flokkunarreglum og ganga vel um gámasvæðið.

Hrunamannahreppur

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPÞJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir
Áburðargjöf
Beðahreinsun
Garðsláttur
Garðaúðun
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Trjáklippingar
Þökulagnir
Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



HRUNAPRESTAKALL

Kæru vinir.

Fallegur fermingarbarnahópur var fermdur nú um hvítasunnuna á sólríkum degi og aðeins fáein börn úr hópnum eru enn ófermd sem stendur þó til bóta áður en sumarið er úti. Eins og endranær verð ég í sumarleyfi í júlímánuði og fram í byrjun ágúst. **Sr. Egill í Skálholti leysir mig af á meðan. Sími hans er 894-6009.** Að loknu sumarfríi stefnum við að síðsumarsmessu í Tungufellskirkju kl. 14 sunnudaginn 8. ágúst og hestamanna-messu í Stóra-Núpskirkju sunnudaginn 15. ágúst kl. 14.

Framundan nú í júnímánuði er hins vegar þrenna:
Sunnudagur 13. júní kl. 20 - helgistund í Hrepphólakirkju
Sunnudagur 20. júní kl. 20 - helgistund í Hrunakirkju
Sunnudagur 27. júní kl. 11 - útiguðsþjónusta í Steinsholti

Allir hjartanlega velkomnir - gleðilegt sumar!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.





KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið alla daga frá kl. 12.00 til 21.00.

Open daily from 12.00 to 21.00.

Borðapantanir eru í síma 486-6454

For reservations call 486-6454

Þar sem sætapláss hjá okkur verður takmarkað a.m.k. næstu vikur, þá minnum við á „take away“. Getum afhent matinn út í bíl, sé þess óskað.

As our seating capacity will be limited at least over the next few weeks, we offer take away. We can also deliver the food to your car, if requested.

Verið velkomin! *Everyone welcome!*

**<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel
Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is**

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiðil 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Kvennareið 2021



Fyrirhugað er að fara í kvennareiðtúr laugardaginn 19. júní nk. Við ætlum að ríða saman að Faxa í Biskupstungum þar sem Marta ætlar að taka á móti okkur með grillveislu. Við ætlum að hittast við reiðhöllina kl. 13.00.

Endilega bjóðið með vinkonum og eigum góðan dag saman. Skráning fer fram á Facebook viðburði reiðinnar "Kvennareið 2021". Okkur þætti vænt um að allar sem ætla með verði búnar að skrá sig fyrir 15. júní svo hægt sé að áætla fjölda í matinn.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook.
Hlökkum til að sjá ykkur kv. Nefndin





Lokakvöld Uppsveitadeildarinnar fór fram 12.maí þegar keppt var í skeiði og tölti. Kvöldið hófst á æsispennandi skeiðkeppni þar sem náðust frábærir tímar, m.a. 6 hestar undir 3 sek !

Það var að lokum sigurvegararnir frá því í fyrra, Þorgeir Ólafsson fyrir lið FELLSKOTSHESTA og Ógrunn frá Leirulæk sem náðu besta tímanum 2.81 sek sem er að því er best vitað nýtt hallarmet.

Að skeiðinu loknu hófst forkeppni í tölti. Að lokinni forkeppni var það Sólon Morthens úr liði FELLSKOTSHESTA sem var efstur á glæsihryssunni Katalínu frá Hafnarfirði með einkunina 7,67.

Efstur inn í B úrslit var Þórarinn Ragnarsson úr liði STORM RIDER á Væntingu frá Vesturkoti. Þórarinn og Vænting héldu sinni forystu allt til enda og stóðu uppi sem sigurvegarar B úrslita með einkunina 6,89. Þórarinn tók þá ákvörðun að láta þar við sitja og taka ekki sæti í A úrslitum, hryssan einungis 6 vetra í sinni og í sinni fyrstu keppni, glæsileg byrjun það. Röð efstu sæta breyttist þó ekki frá forkeppni og var það Sólon Morthens úr liði FELLSKOTSHESTA sem sigraði örugglega á Katalínu frá Hafnarfirði með einkunina 8.08.



Þorgeir Ólafsson og Ógrunn frá Leirulæk



Sólon Morthens og Katalína frá Hafnarfirði

Eftir gott kvöld, spennandi keppni og flott hross var einungis eftir að kanna hvernig staðan í einstaklings og liðakeppninni væri. Það fór þannig að eftir fjórar greinar voru jafnir í 1-2 sæti með jafnmörg stig Þorgeir Ólafsson úr liði FELLSKOTSHESTA og Þórarinn Ragnarsson úr liði STORM RIDER. Þegar staðan er sú er liðið til innri árangurs í öllum greinum, hver á fleiri gull, hver á fleiri silfur og svo framvegis. Þórarinn hafði lent í öðru sæti í fjórgangi, fimmta sæti í fimmgangi, sjöunda sæti í skeiði og fimmta sæti í tölti. Þorgeir hafði hinsvegar fyrr um kvöldið sigrað skeiðið og því stóð hann feti framur og stóð uppi sem sigurvegari. Hann hafði einnig náð níunda sæti í fjórgangi, öðru sæti í fimmgangi og sjöunda í tölti. Þorgeir lék því sama leik og í fyrra, sigraði í einstaklingskeppninni og tefldi fram Snilld frá Fellskoti í allar greinar nema skeið þar sem hann mætti með Ögrunn frá Leirulæk.

NIÐURSTÖÐUR ÚR EINSTAKLINGSKEPPNI

- 1 Þorgeir Ólafsson FELLSKOTSHESTAR 57
- 2 Þórarinn Ragnarsson STORM RIDER 57
- 3 Þorgíls Kári Sigurðsson MEISTARI LOFTUR 45
- 4 Rósa Birna Þorvaldsdóttir JOSERA 43
- 5 Sólon Morthens FELLSKOTSHESTAR 41

Spennan var einnig mikil í liðakeppninni. Ef við rifjum upp stigahæstu lið í hverri grein eftir tímabilið þá varð fljótt ljóst að baráttan yrði helst milli þriggja liða. Fjórganginn sigraði TEAM DENNI DESIGN, skeiðið sigraði lið FELLSKOTSHESTA og tölt sigraði lið STORM RIDER.

LOKANÍÐURSTAÐA Í LIÐAKEPPNI ÁRIÐ 2021

1. STORM RIDER 153.5
2. FELLSKOTSHESTAR 144
3. TEAM DENNI DESIGN 139
4. JOSERA 99.5
5. MEISTARI LOFTUR 87
6. ÁRBÆJARHJÁLEIGA II 51

Framkvæmdanefnd þakkar öllu starfsfólki og þeim sem komu að deildinni með einhverjum hætti fyrir vel unnin störf við óvenjulegar og skritnar aðstæður.

Starfsfólk, keppendur og liðin stóðu sig vel í að aðlaga sig að takmörkunum og er það mat mótshaldara að vel hafi til tekist þó við vonum að hægt verði að halda deildina með hefðbundnu sniði á næsta tímabili. Aðalstyrktaraðili deildarinnar eru FLÚÐASVEPPIR og þökkum við þeim kærlega stuðninginn.

Við hvetjum áhugasama til að fylgja Uppsveitadeildinni á facebook og instagram þar sem sjá má nánari úrslit og fleiri myndir og myndbrot frá keppninni. Myndirnar með fréttinni tók Melkorka Gunnarsdóttir.



Fornleifafræðingar og fornleifar



Breytingar í kringum Félagsheimilið



Miðfellshlaupið 29. Maí



Þökkum öllum sem tóku þátt í Miðfellshlaupinu 29. maí. Hér eru nokkrar myndir af flottu fólki sem tók þátt í að skapa þennan skemmtilega viðburð.







Minni viðbættur sykur



Drekka lítið eða
ekkert af gos- og
svaladrykkjum og
gæta hófs í neyslu
á sælgæti.

Fjölbreytt fæði í hæfilegu magni



Einfalt að velja hollara